

Breytingartillögur

við frv. til l. um pósthjónustu.

Frá meiri hluta samgöngunefndar (GHall, MS, ArnþS, ÞKG, SI, LB, KLM).

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „flutning og skil“ komi: flutningi og skilum.
2. Við 4. gr.
 - a. Á eftir orðunum „árituðum viðtakanda“ í 1. málsl. 4. mgr. komi: eða þeim sem heimild hefur til að taka við slíkri sendingu fyrir hans hönd.
 - b. Í stað orðsins „viðtökustað“ í 2. málsl. 4. mgr. komi: ákvörðunarstað.
 - c. Í stað orðsins „rekstrarleyfishafi“ í 17. mgr. komi: póstrekaandi.
 - d. Í stað orðsins „viðtökustað“ í 21. mgr. komi: ákvörðunarstað.
3. Við 6. gr. Í stað orðanna „og prentuðu innihaldi sem er að öllu leyti eins, dagblaða, vikublaða og tímarita, bóka og verðlista“ í 3. mgr. komi: markpósts og dagblaða, vikublaða, tímarita, bóka og verðlista með utanáskrift.
4. Við 27. gr. 3. málsl. 1. mgr. orðist svo: Rekstrarleyfishafi, sem falinn hefur verið einkaréttur ríkisins, á aðeins rétt á fjárframlagi vegna alþjónustu sem fellur utan einkaréttar hans.
5. Við 28. gr. 3. mgr. orðist svo:

Jöfnunargjald skal ákveðið með lögum. Á grundvelli fenginna umsókna skal fjárförf vegna alþjónustu endurskoðuð árlega af Póst- og fjarskiptastofnun og niðurstaða þeirrar endurskoðunar ásamt tillögu um breytt gjaldhlutfall, ef þörf þykir, lögð fyrir samgönguráðherra.
6. Við 31. gr. Í stað orðsins „viðtökustað“ í 5. mgr. komi: ákvörðunarstað.
7. Við 32. gr.
 - a. Í stað orðanna „að viðstöddum fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar“ í 3. mgr. komi: í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 35. gr., að fenginni umsögn Persónuverndar. Við gerð og beitingu þessara reglna skal þess gætt að óskilasendingar geta innihaldið viðkvæmar persónuupplýsingar.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Óskilasendingar*.
8. Við 47. gr.
 - a. Í stað orðanna „viðurvist fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: samræmi við reglur sem ráðherra setur.
 - b. Í stað orðanna „og án viðurvistar fulltrúa Póst- og fjarskiptastofnunar“ í lokamálslið 1. mgr. komi: í samræmi við reglur sem ráðherra setur, sbr. 32. gr.
9. Við 54. gr. 1. mgr. orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Prentað upp.